



Heiðarskóli — Fréttabréf

Desember 2008

Ábm. Sigurbjörg Róbertsdóttir deildarstjóri



JÓLASKEMMTANIR OG STOFUJÓL

Föstudaginn 19. desember verða hin árlegu „Litlu jól“ í skólanum. Ráðgert er að þau taki um eina og hálf klukkustund hjá hverjum bekk fyrir sig. Eins og venjulega verður jólaguðspjallið flutt af nemendum 7. bekkja. Þá verða sungin jólalög og dansað í kringum jólatréð. Síðan heldur hver bekkur til sinnar stofu og heldur stofujól með umsjónarkennara sínum. Nemendur eiga að mæta samkvæmt skipulagi hér til hliðar til umsjónarkennara.

kl. 08.30–10.00 kl. 10.00–11.30 kl. 11.30–13.00

1. AJ	1. IP	1. GP
2. EH	3. KJ	3. SG
4. ÞJ	4. SJ	5. FM
5. HT	5. US	6. EA
6. JP	7. KG	7. GK
8. AÓ	8. MÓ	8. ÞG
9. MJ	9. RR	10. EP
10. BH	10. ÞE	

Góðir gestir á aðventunni

Í desember er lesið fyrir alla nemendur skólans. Góðir gestir úr bæjarfélaginu lesa sögu á bókasafninu fyrir nemendur á yngsta stigi. Nemendur á miðstigi hlýddu á Þorgrím Þráinsson lesa úr nýjustu bók sinni og nemendur á elsta stigi fengu Bryndísi Jónu Magnúsdóttur í heimsókn með nýju bókina sína.



Jólafrí

Jólafrí nemenda hefst
mánudaginn 22. desember.

Skólastarf hefst aftur
mánudaginn 5. janúar 2009
samkvæmt stundaskrá.

Starfsmenn Heiðarskóla óska
ykkur öllum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.



Nemendur í vali í bakstri aðstoða
nemendur í 2. bekk að baka piparkökur.

Listir og skapandi starf - Þemadagarnir

Þann 18. - 21. nóvember voru þemadagar í Heiðarskóla. Dagarnir voru skipulagðir þannig að nemendur máttu velja á blómaskreytingar, leiklist, tónlistasmiðjur, dans og kertagerð svo fátt eitt sé nefnt. Mikið var lagt í þessa þemadaga því hefðbundnum starfi að mati nemenda, starfsmanna og foreldra.

Uppskeruhátíð þemadagana var á föstudeginum og var bæjarbúum boðið að koma í skólann. Í íþróttahúsinu var fjölbreytt höfuð sett saman á þemadögunum. Á göngum skólans var annar afrakstur til sýnis en nemendur höfðu einnig útbúið höfðu allir nemendur og starfsmenn skólans unnið á þemadögunum. Í skólanum eru 490 nemendur og má áætla að þeir hafi verið réttum frá þeim eða grjónagrat frá Skólamat.



Konfektgerð á elsta stigi



Krakkarnir í matargerð gerðu brauðtertur



Myndlist á miðstigi



Yngstu nemendurnir bjuggu til pizzur



Nemendur sköpuðu með lego



Í hárgreiðslunni var nóg að gera



Eftir skúlpturgerðina



Margrét í Cabo aðstoðaði nemendur í blómaskreytingum



Street-dans æfður



Söngsmiðjan leiddi gesti í söng á uppskeruhátíðinni



Leiklistahópar sýndu stutta leikþætti í íþróttahúsinu og nokkrir nemendur sýndu glímu



Nemendur smakka sushi sem þeir bjuggu til

Frídagur í Heiðarskóla 18. - 21. nóvember

milli smiðja sem allar tengdust listum og skapandi starfi. Í boði var m.a. konfektgerð, matargerð, glíma, kortagerð, og mikið af öðrum. Þetta voru skemmtilegir dagar, fjölbreyttir og góð tilbreyting frá

reytt dagskrá þar sem nemendur léku, sungu, dönsuðu og spiluðu á hljóðfæri. Allt voru þetta atriði sem nemendur alls konar rétti sem gestir fengu að smakka á. Hápunkturinn var svo þegar skólalistaverk var afhjúpað en þetta verk var mest af gestum hafi rúmlega 1000 manns verið á göngum skólans að skoða verk nemenda og gæða sér á



Glerlist var í boði fyrir alla



Kertagerðin var vinsæl



Nemendur fóru í leir til Rutar Ingólfs



urðu til litrík listaverk



Kökuskreytingar



Leikhúsförðun



ni Gestir gæddu sér á veitingum frá nemendum



Tónlistaratriði í íþróttahúsinu



Gestir skoða listaverk nemenda og starfsfólks - Náttúrulega

Nemendur unnu jólatré í umsjón Guðmundar Rúnars listamanns

Góðir gestir í íþróttافرæði

Tveir valinkunnir íþróttakappar komu og heimsóttu krakkana í íþróttافرæðivali. Annar þeirra var Jón Arnór Stefánsson landsliðsmaður í körfubolta sem spilað hefur í bestu deildum Evrópu og einnig með Dallas í NBA-deildinni. Hinn var Jóhann Birnir Guðmundsson sem verið hefur atvinnumaður í fótbolta á Englandi og í efstu deildum á Norðurlöndum.

Nemendurnir spurðu kappana hvernig það væri að vera atvinnumaður í íþrótt og hvað þarf að leggja á sig til að ná langt í sinni grein. Krakkarnir höfðu gaman af heimsókninni og þökkum við þeim báðum fyrir komuna.



Til vinstri: Jón Norðdal kennari með Jóhanni Birni Guðmundssyni.
Að ofan: Valhópurinn með Jóni Arnóri Stefánssyni.

4. bekkur skreytir jólatré

Nemendum í 4. bekk fengu það verkefni að skreyta jólatré á Hafnargötunni. Tréð stendur fyrir framan Sportbúð Óskars. Nemendur skreyttu tréð með jólaskrauti sem þeir útbjuggu úr jógúrtdósum og álpappír. Krakkarnir heimsóttu síðan skessuna í hellinn og þáðu henni smákökur og djús og gáfu henni jólaskraut til að gera fínt fyrir jólin.



Foreldrar og nemendur mála piparkökur

Í lok nóvember skipulagði foreldrafélagið skemmtilega stund fyrir foreldra og börn. Þá komu allir saman til að skreyta piparkökur.

